

38

27. apríl

AUGLÝSING**um bókun um viðskipti milli Íslands og Ungverjalands.**

Hinn 3. marz 1949 var undirrituð í Kaupmannahöfn af fulltrúum islenzkra og ungverskra stjórnarvalda bókun um viðskipti milli Íslands og Ungverjalands.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 27. apríl 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

39

28. apríl

AUGLÝSING**um fullgildingu milliríkjasamnings um radióþjónustu fyrir skip.**

Hinn 4. febrúar 1950 var utanríkisráðuneyti Danmerkur afhent fullgildingarskjal Íslands varðandi milliríkjasamning um radióþjónustu fyrir skip (European Regional Convention for the Maritime Mobile Radio Service). Samningur þessi var undirritaður fyrir Íslands hönd í Kaupmannahöfn hinn 17. september 1948.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 28. apríl 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

40

2. maí

AUGLÝSING**um viðskipta- og greiðslusamninga milli Íslands og Póllands.**

Hinn 18. nóvember 1949 var undirritaður í Varsjá viðskiptasamningur milli Íslands og Póllands. Samningurinn gildir frá 1. janúar 1950 til 31. desember 1950. Segi annar hvor samningsaðilinn honum ekki upp þremur mánuðum áður en samningstímanum lýkur, framlengist hann sjálfkrafa um eitt ár, og síðan áfram um eitt ár í senn.

Samkvæmt samningi þessum er gert ráð fyrir, að Pólverjar kaupi frá Íslandi:

600 smál. af gærum,
400 smál. af meðalalýsi,
1 000 smál. af freðsild,
1 000 smál. af hraðfrystum fiski,
500 smál. af fiskimjöli,
30 000 tonn af saltsild

og enn fremur nokkuð af síldarlýsi og ef til vill fleiri vörur.